



# Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 3. tbl. 2026

## Skeldýrabætur og línuviltun á Vesturlandi á ný

Vífill Karlsson

Á Vesturlandi yrðu bein fjárhagsleg áhrif fullkomins afnáms línuviltunar og skeldýrabóta á útsvarstekjur viðkomandi sveitarfélaga mestar á Sveitarfélagið Stykkishólmur. Grundarfjarðarbær yrði þar annar í röðinni, Snæfellsbær þriðji og Akraneskaupstaður fjórði (Mynd 1). Vísbendingar eru um að möguleikar útgerða í þessum sveitarfélögum til að bæta sér það upp með strandveiði eru samt mestir í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, þá Snæfellsbæ, síðan Grundarfjarðarbæ og síst í Akraneskaupstað (Tafla 1).


### Inngangur

Eins og kom fram í inngangi síðustu Glefsu þá stefndi í breytingar á pottum íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins sem gætu m.a. falið í sér algjört afnám bæði línuviltunar og skel- og rækjubóta, sem kallaðar verða skeldýrabætur hérefir í þessari Glefsu. Haldið verður áfram með það mál hér. Í síðustu Glefsu var skoðað hversu mikill afli var veiddur innan fimm stærstu potta fiskveiðistjórnunarkerfisins hlutfallslega og hversu mikill utan þess. Með því fengust góðar vísbendingar fyrir því hversu mikilvægir pottarnir eru sjávarútvegi í þessum sveitarfélögum. Í Glefsu árið 2025 var vægi sjávarútvegs í útsvarstekjum sveitarfélaga skoðað (Vífill Karlsson, 2025). Með því að tengja þetta tvennt saman og draga út vægi línuviltunar og skeldýrabóta sérstaklega má leita vísbendinga og áætla hversu mikill hluti útsvarstekna sveitarfélaga byggir á þeim tveimur kerfum og þar með áætla bein áhrif fyrirhugaðra breytinga á viðkomandi sveitarfélög. Þá stæðu margfeldisáhrifin eftir til að ná utan um heildaráhrifin sem geta verið á bilinu 1,3 til um 3,0. Ef margfeldisáhrifin eru 2 þá tvöfaldast talan sem hér verður borin á torg fyrir hvert sveitarfélag (Mynd 1). Margfeldisáhrifn verða ekki metin þar sem höfundi finnst gögnin vera ennþá full takmörkuð til þess en lesandinn er hins vegar beðinn um að nota töluna tvo til að áætla í huganum hvernig endanlega niðurstaðan gæti orðið.

### Vægi skeldýrabóta og línuviltunar í útsvarstekjum

Þegar ofangreindum útreikningum var beitt kom í ljós að skeldýrabætur og línuviltun vógu þyngst í útsvarstekjum Kaldrananeshrepps af þeim sveitarfélögum sem hafa notið nýtingar þessara kerfa (Mynd 1) eða 5,1%. Sveitarfélagið Stykkishólmur kemur næst á eftir með 2,3%, Langanesbyggð í því þriðja með 1,9% og

Strandabyggð með 1,5% en önnur sveitarfélög voru undir 1%.



Mynd 1. Áætlun bein áhrif fullkomins afnáms línuviltunar og skeldýrabóta á útsvarstekjur viðkomandi sveitarfélaga. Gögn Fiskistofu.

Á það skal bent að aflamark skeldýrabóta og línuviltunar yrði nýtt að fullu til að auka svigrúm til strandveiða ef marka má orðróm þar um. Því má velja fyrir sér hvort þau sveitarfélög sem verða fyrir samdrætti á útsvarstekjum í kjölfar afnámsins njóti hækkunar á móti vegna aukinnar sóknar staðbundinna útgerða í strandveiðum sem viðbragð við þessum breyttu aðstæðum.

Mat á þeim viðbrögðum er flókið og ýmsum skilyrðum háð, m.a. samsetningu fiskiskipafloata hvers sveitarfélags sem þar er fyrir hendi. Hér er einkum horft til stærðar þeirra skipa sem til ráðstöfunar eru á hverjum stað. Jafnvel þó svo engin stærðarmörk séu fyrir því hverjir geti stundað strandveiðar þá eru sett skilyrði fyrir þeim veiðarfærum sem notuð eru og þau hafa brugðið fæti fyrir áhuga útgerða stærri skipa á strandveiðum. Handfærarúllur eru bara leyfðar á strandveiðum og ekki



fleiri en fjórar á hverju skipi auk hámarksaflla upp á 774 kg. í hverri veiðiferð.

Til að leita vísbendinga um fjölda þeirra báta sem gætu sótt í strandveiðar á hverjum stað voru taldir bátar sem voru minni en 15 metrar að lengd og 30 brúttótonn. Það eru viðmiðin í krókaflamarkskerfinu. Síðan voru talin til þau skip sem skráð voru í strandveiði sama árs. Vísbendingar fyrir því hversu mikið útgerðir viðkomandi sveitarfélaga gætu aukið sókn sína í strandveiði er þá hlutfallslegur munur þeimur tölum og kallað „sóknargetuhlutfall“ hér. Það er skráð í dálknum lengst til hægri í töflunni (Tafla 1). Þar er einnig að finna fjölda minni skipa sem hlutfall af öllum fiskiskipum (Hlutur minni skipa) og fjölda strandveiðibáta sem hlutfall af öllum fiskiskipum (Hlutur strandveiðibáta).

Tafla 1. Hlutur minni fiskiskipa af öllum fiskiskipaflota valinna sveitarfélaga 2025

Sveitarfélag	Fjöldi fiskiskipa	A: Fjöldi minni skipa	B: Fjöldi strandveiðibáta	Hlutur minni skipa	Hlutur strandveiðibáta	Sóknargetuhlutfall (B af A)
Svf Árborg	6	5	5	83%	83%	0%
Húnabyggð	3	3	3	100%	100%	0%
Bolungarvíkurkust	42	39	37	93%	88%	5%
Suðurnesjab	58	51	45	88%	78%	13%
Vestmannaeyjab	41	22	19	54%	46%	16%
Akraneskst	37	34	29	92%	78%	17%
Vesturbyggð	101	95	81	94%	80%	17%
Fjallabyggð	45	40	34	89%	76%	18%
Grundarfjarðarb	26	21	17	81%	65%	24%
Svf Hornafjörður	31	26	21	84%	68%	24%
Svf Skagaströnd	27	25	20	93%	74%	25%
Strandabyggð	19	19	15	100%	79%	27%
Reykjavíkurborg	56	47	37	84%	66%	27%
Ísafjarðarb	108	103	78	95%	72%	32%
Svf Ölfus	16	12	9	75%	56%	33%
Langanesbyggð	40	39	29	98%	73%	34%
Norðurland	44	42	31	95%	70%	35%
Snæfellsb	102	86	61	84%	60%	41%
Akureyrarb	53	45	31	85%	58%	45%
Skagafljörður	34	31	20	91%	59%	55%
Múlabing	38	37	23	97%	61%	61%
Svf Stykkish	56	55	33	98%	59%	67%
Fjarðabyggð	55	43	25	78%	45%	72%
Kaldraneshreppur	19	17	9	89%	47%	89%
Grindavíkurb	33	26	12	79%	36%	117%
Vopnafjarðarhr	15	14	6	93%	40%	133%
Svf Vogar	9	8	3	89%	33%	167%
Alls	1114	985	733	88%	66%	34%


Eingöngu sveitarfélög þar sem skráð hafa verið skip sem hafa haft skeldýrabátakvóta eða nýtt hafa sér línuvilnun. Svf = Sveitarfélag, kst = kaupstaður, hr = hreppur og b = bær

Skipaskrárgögn

Á þessu sést að svigrúmið á Vesturlandi er minnst í Akraneskaupstað og Grundarfjarðarbæ til að bregðast við þessum breytingum en mest í Snæfellsbæ og Sveitarfélaginu Stykkishólmi (Tafla 1). Kaldraneshreppur hefur mjög gott svigrúm en hann var háðastur þessum tveimur kerfum sem leggja á niður (Mynd 1). Þá er Langanesbyggð í þokkalegri stöðu að þessu leyti til að bregðast við en Strandabyggð heldur síðri.

Hins vegar skal á það bent að heimahöfn skips segir ekki endilega rétt til um hvar útsvarið lendir og því hvort sveitarfélög njóti þannig aukinnar sóknar heimabátanna í strandveiði. Rík krafa er um í strandveiðum að eigendur skipanna rói þeim líka og oft eru þeir einir á bátnum þó svo dæmi séu um að áhöfnin telji fleiri. Samantekt

Sigurðar Árnasonar hjá Byggðastofnun á lögheimilum eigenda strandveiðibáta 2025 borin saman við heimahöfn þeirra sama ár var áhugaverður (Mynd 2) í þessu sambandi því líklegur er að útsvarið og staðbundin efnahagsleg áhrif strandveiðiútgerða séu meiri þar sem lögheimilið er. Samantektin gaf því áhugaverðar vísbendingar um hvort sóknargetuhlutfallið gaf góðar vísbendingar um mögulega viðspyrnu þessara sveitarfélaga innan strandveiðanna í kjölfar fyrrgreindar breytinga á stjórn fiskveiða. Þar munar mest um muninn á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum þó svo munurinn á Vesturlandi sé nokkur. Á myndinni má sjá að fjöldi lögheimila eigenda strandveiðibáta á höfuðborgarsvæðinu eru fjórfalt fleiri en fjöldi skráðra strandveiðibáta. Á Suðurlandi er þessi munur einungis 13%.



Mynd 2. Heimahöfn strandveiðiskipa á strandveiðum og lögheimili eigenda 2025. Gögn Byggðastofnunar.

Hins vegar er þessu öfugt farið á Vestfjörðum, Vesturlandi, Norðurlandi vestra og eystra. Á Vestfjörðum eru lögheimili eigenda strandveiðibáta 33% færri en fjöldi skráðra strandveiðibáta en á Vesturlandi og Norðurlandi vestra er þetta hlutfall 17% og 12% á Norðurlandi eystra. Líkurnar eru því sístar á að sóknargetuhlutfall sveitarfélaga á Vestfjörðum sé góð vísbending fyrir mögulegri viðspyrnu þeirra í kjölfar fyrirhugaðra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Vesturland og Norðurland vestra koma þar næst á eftir og þá Norðurland eystra.

Jafnvel þó sveitarfélögin verði fyrir minni efnahagslegum skakkaföllum vegna breytinganna eins og ofangreind umfjöllun bendir til, er alls ekki víst að það eigi við um stöku útgerðir því sumar þeirra hafa alls ekki yfir að ráða þeim skipum sem passa strandveiðum þó vissulega gætu þau keypt. Þannig er viðbúið er að stöku útgerðir verði fyrir hlutfallslega meiri fjárhagslegum skakkaföllum vegna fyrirhugaðra breytinga á stjórnun fiskveiða en sveitarfélögin sem þau tilheyra.

### Heimildir

Vífill Karlsson. (2025). Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga. *Glefsa*, 11(2), 1-2.